



# Hvalrekinn

Ágúst 2017

## Skólasetning

### Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Við viljum minna á að skólasetning Hvaleyrarskóla verður þriðjudaginn 22. ágúst á sal skólans og eru foreldrar hvattir til að mæta með börnum sínum á skólasetninguna sem hér segir:

- Kl. 8:30 Nemendur í 2., 3. og 4. bekk
- Kl. 9:15 Nemendur í 5., 6. og 7. bekk
- Kl. 10:00 Nemendur í 8., 9. og 10. be.

Nemendur í 1. bekk eru með sérstöku bréfi boðaðir til viðtals hjá umsjónarkennara þriðjudaginn 22. ágúst.

Að lokinni skólasetningu fara nemendur og foreldrar með umsjónarkennara í heimastofu og fá afhenta stundaskrá og aðrar upplýsingar.

Kennsla hefst hjá öllum nemendum skólans miðvikudaginn 23. ágúst.

Foreldrar nemenda í 1. bekk eru hvattir til að mæta með börnum sínum í upphafi fyrsta skóladags. Skólasetning hjá 1. bekk er á sal skólans miðvikudaginn 23. ágúst kl. 8:20.



### Gjaldfrjáls skóli í Hafnarfirði



Fræðsluráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi þann 14. júlí að greiða fyrir

skólagögn allra grunnskólabarna. Fræðsluráð leggur til að frá og með komandi hausti muni Hafnarfjarðarbær útvega grunnskólanemendum námsgögn, þ.e ritföng og stílabækur, þeim að kostnaðarlausu.

Áætlaður kostnaður er um 20 milljónir króna. Tillögunni er vísað til bæjarstjórnar og viðauka við fjárhagsáætlun 2017. Með þessu stuðlar Hafnarfjarðarbær að frekari jöfnuði, minnkuðu kolefnaspori og minni sóun. Auk þess sem hagkvæmni næst í innkaupum og mögulega hagkvæmni í kennslustofunni. Foreldrar þurfa þá aðeins að sjá börnum sínum fyrir skólatösku, sund- og íþróttafatnaði og skriffærum til notkunar heima.

### Haustfundir með foreldrum

Haldnir verða kynningarfundir í byrjun næsta skólaárs. Byrjað verður á sal skólans þar sem meðal annars verður farið yfir nýjar áherslur í námi og

námsmati samkvæmt aðalnámskrá, samskiptavefinn Mentor og ýmsar sameiginlegar reglur. Að því loknu fara foreldrar með umsjónarkennurum barna sinna í þeirra heima stofur þar sem umsjónarkennarar fara yfir ýmis atriði sem við kemur bekkjarstarfinu.

Fundirnir verða sem hér segir:

- 2., 3. og 4. bekkur miðvikudaginn 13. september kl. 8:20 – 9:30.
- 5., 6. og 7. bekkur fimmtudaginn 14. september kl. 8:20 – 9:30.
- 8., 9. og 10. bekkur þriðjudaginn 12. september kl. 8:20 – 9:30.

### Mataráskrift skólaárið 2017-2018



Í upphafi skólaárs þarf að skrá öll börn í mataráskrift í gegnum heimasíðu Skólaasks, sjá vefslóð:

<https://skolaaskur.is/> og

geta aðstandendur skráð nemendur í mataráskrift.

Með bestu kveðjum,  
Skólastjórnendur.